

- 73**
19. sept. Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

74
24. sept.

GJALDSKRÁ

fyrir

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði sem hjer segir:

- A. Þar sem orkan er aðallega notuð til ljósa verður hún seld um kilowattstundamælir fyrir 65 aura hver kwst. (kilowattstund).
- B. Þar sem orkan er notuð til lýsingar og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar o. þ. h. má selja hana:
1. Um hemil fyrir 600 kr. hvert kw. (kilowatt) um árið.
 2. Um sjerstakan mæli fyrir:
 - 24 aura kwst. mánuðina nóv., des., jan. og febr.
 - 16 aura kwst. mánuðina mars, apríl, sept. og okt.
 - 12 aura kwst. mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.
 3. Um bæði hemil og mæli fyrir 300 kr. hvert kw. um árið og auk þess 10 aura hver kwst. mánuðina nóv., des., jan. og febr., 6 aura hver kwst. mánuðina mars, apríl, sept. og okt. og 4 aura hver kwst. mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.
- C. Þar sem orkan er notuð til vjela, verður hún seld:
1. Á 25 aura kwst. alt árið.
 2. Á 50 aura kwst. á ljósátíma, en 16 aura kwst. utan ljósátíma.

Ljósátími er talinn:

Í sept.	frá kl. 7	e.m. til kl. 12 e.m.
- okt.	— — 5½	— — — “ —
- nóv.	— — 4	— — — “ —
- des.	— — 3	— — — “ —

- jan.	— — 4	— — — “ —
- febr.	— — 5½	— — — “ —
- mars.	— — 7	— — — “ —

74
24 sept.

D. Afgangorku má selja til suðu og hitunar o. þ. h. fyrir 12 auro kwst. eða 25 kr. kw. um mánuðinn, ef jafnframt er gert að skilyrði, að orkan sje ekki notuð alt að 7 ljósfrekustu klukkustundir dagsins eða lengri tíma eftir nánari fyrirætlunum rafmagnsstjóra í hvert skifti.

E. Þegar sjerstaklega stendur á, má rafmagnsstjóri selja orku eftir sjerstökuum samningi í hvert skifti, þó ekki lengur en til eins árs í senn, nema til komi samþykki rafmagnsstjórnar.

F. Verð fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórnin eftir tillögum rafmagnsstjórnar.

Bæjarstjórninni er heimilt, án frekari staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld fyrir notkun raforku um alt að 20% frá því sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. nóvember 1925.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. sept. 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

AUGLÝSING

um

læknissetur í Reykhólahjaraði.

Eftir að málið um læknissetur í Reykhólahjaraði hefir legið fyrir sýslunefndinni í Austur-Barðastrandarsýslu, og eftir að málinu síðan hefir verið skotið til ráðuneytisins, þá er hjermeð, samkvæmt heimild í lögum nr. 34 frá 1907 og eftir tillögum landlæknis, ákveðið, að læknissetrið í Reykhólahjaraði skuli vera fyrir botninum á Berufirði.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. septbr. 1925.

75
25. sept.